

**9. fundur Menningar- og safnanefndar, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti
16-18,
5. mars 2015 og hófst hann kl. 17:00**

Fundinn sátu:

Ingbór B. Þórhallsson formaður, Guðmundur Claxton aðalmaður, Þórunn María Örnólfsdóttir aðalmaður, Guðríður Sigurjónsdóttir aðalmaður, Elinbergur Sveinsson aðalmaður og Anna Leif Elísdóttir verkefnisstjóri.

Fundargerð ritaði: Anna Leif Elísdóttir, Verkefnastjóri.

Fyrir tekið:

Formaður setur fundinn kl. 17.20.

1. 1411125 - Írskir dagar 2015

Málin rædd. Menningar- og byggðasafnsnefnd mun leitast við að einfalda utanumhald og fyrirkomulag á Írskum dögum frá því sem verið hefur. Þetta vill nefndin gera til þess að virkja betur einstaklinga, fyrirtæki og félagasamtök til að gera hátíðina sjálfbærari og með meiri þátttöku íbúa bæjarins. Nefndin leggur til við bæjarráð að leitað verði að aðila til að taka að sér framkvæmd Írskra daga 2015 í samráði við nefndina. Nefndin felur formanni að setja niður á blað þær hugmyndir sem ræddar voru á fundinum.

2. 1412187 - Miðja Akraness

Ýmsar hugmyndir ræddar. Nefndin hefur gögn frá Landmælingum Íslands sem benda sterklega til þess hvar miðju Akraness er að finna. Verkefnastjóra er falið að móta hugmyndir nefndarinnar og gera kostnaðaráætlun sem áfram yrði unnið með.

3. 1503045 - Menningar - og safnanefnd - stefnumörkun til 5 ára

Málin rædd og stefnumörkunarvinna hafin. Nefndin ræddi við verkefnastjóra í menningartengdum verkefnum um hennar aðkomu og sýn að starfi næstu missera. Nefndin mun á næstu vikum einnig hitta forstöðumenn Bókasafnsins og Byggðasafnis vegna stefnmótunarvinnunnar.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:00.

Ingbór B. Þórhallsson,
Elinbergur Sveinsson
Guðmundur Claxton
Guðríður Sigurjónsdóttir
Þórunn María Örnólfsdóttir.
Anna Leif Elísdóttir